VERKSMIÐJU GRAFÍK



Einar Hákonarson skrifar:

Alþjóðlegt andrúmsloft leikur nú um hálfan vestursal Kjarvalsstaða, en þar hefur félagið Myndkynning komið upp sýningu á 57 grafíkverkum eftir hóp víðfrægra myndlistar-




Erro, Picasso-burger, sáldþrykk.

manna. Minningar um heimsóknir á erlenda sýningarstaði sækja á hugann. Myndir eftir flesta af þessum mönnum eru til sýnis og sölu út um allar jarðir enda sést, ef sýningarskrá er athuguð að myndirnar eru gefnar út í stórum upplögum sum númeruð önnur ekki.

Útgáfa grafíkverka er í dag orðin að stóriðnaði í Evrópu og Ameriku, listamennirnir að einskonar hönnuðum fyrir þennan iðnað eða þá gefa út eftiprentanir af málverkum sínum. Það læðist því að manni sá grunur að grafíklistamenn fjarlægist nú sjálfa aðferðina og efnið sem unnið er í, en mjög færir iðnaðarmenn leysi hin mörgu og flóknu tækniatriði. Þetta held ég að sé mjög hættulegt fyrir grafík sem listagrein, vegna þess að hið nána og oft á tíðum gefandi samband listamannsins við efnið og aðferðina rofnar. Fyrir mér er enginn teljandi eðlismunur á meðferð grafikaðferða frekar en beiting pensils og oliulita eða þá penna og bleks, hver aðferð hefur sinn möguleika og sjarma ef henni er beitt af listfengi. Á sýningunni fær maður það á tilfinninguna að litill munur sé á þessum grafíkmyndum og vel gerðum eftirprentunum nema hvað áritun höfundar fylgir og fyrir það borga sumir mikið af peningum. Ekki er mikið um svart-hvítar myndir á sýningunni og er það slæmt vegna hinnar upprunalegu aðferðar, litur í grafíkverkum kom ekki til fyrr en á seinni árum og þá aðallega til að þjóna markaðslegum hagsmunum. Fólk vill lit á veggi ódýra eftirgerð málverksins, en hin vandmeðfarna lína teikningarinnar fellur í skuggann. Einn af mestu teiknurum í gegnum aldirnar Picasso á hér eina línumynd af konu frá árinu 1956. Hann hefur sjálfur sagt að ef hægt væri að kalla sig meistara þá væri það helst fyrir teikningar sínar og grafík. Það hefði verið ánægjulegt ef eitthvað af myndum hans frá Grískа timabilinu væru með á sýningunni, það timabil í list Picasso hafði á sinum tíma mikil og góð áhrif á marga íslenska listamenn.


MYNDIR Victor Vasarely koma vel út í þessari miklu tækni er þarna ræður ríkjum. Þó held ég að mynd Georgs Rhoner „Musica" slái öll met í tæknilegri útfærslu.

Þarna er mjög gott tækifæri fyrir íslenska ofsettprentara til að nema og kynna sér frábærlega vönduð vinnubrögð. Myndheimur Errós hefur alla tíð lítt höfðað til mín, sá urmull af táknum er dreifast óskipulega yfir flötinn á nokkurs sjáanlegs markmiðs, samsetning ólíkra mynda eins og í seríunni „Made in Japan" ná ekki þeirri spennu er ég átti von á, virkun þeirra var álíka og fletta hasarblaði. Til viðmiðunar mætti nefna ameríska myndlistarmanninn Roy Lichtenstein, sem er upphafsmaður slíkra vinnubragða. Þarna eru nokkrir málarar kenndir við Cobra hópinn og mætti tína margt til af skemmtilegum myndum á sýningunni, en látum þetta nægja. Sá keimur af eftirprentunum sem maður verður var við gerir það að líðanin er eins og skoðuð hafi verið vönduð og stór listaverkabók, en ekki hreinræktuð grafík eftir mínum skilningi.



Georges Rhoner, Musica, litografi.

Úr safni Gunnars Sigurðssonar



Stúlka, olía 1946.

Það er ánægjulegt að Kjarvalsstaðir skuli nú byrjaðir að taka til sýningar einkasöfn manna, vonandi að framhald verði á.

Hin mikla aðsókn sýnenda að vestursal hússins, fullbókað langt fram á næsta ár, ef ekki lengur, sýnir að taka verður til umhugsunar eystri salinn, Kjarvalssal. Mætti vel hugsa sér að sá salur væri notaður að hálfu leyti undir sýningar á einkasöfnum á móti hreyfanlegum og þá um leið áhugaverðari sýningum á myndverkum Kjarvals. Það er staðreynd að svo stór sýning, er nú hefur hangið uppi síðan um áramótin síðustu óhreyfð að kalla, gerir list Kjarvals síður en svo gott í augum aðdáenda hans.

Minni sýningar þar sem reynt yrði að kynna skipulega úrval af ýmsum timabilum ævi hans eða eftir viðfangsefnum, svo eitthvað sé nefnt.

Með núverandi ástandi minnir salurinn helst á góða geymslu, en lifandi sýningarsal.

Vitað er að margir eiga góð einkasöfn og væri þakkarvert hverjum þeirra að veita samlöndum sínum smá hlutdeild í dýrðinni, með því að lána þau til sýninga í stuttan tíma. Sýning á safni Gunnars Sigurðssonar, er lést löngu fyrir aldur fram, stendur nú yfir í helmingnum af vestursal Kjarvalsstaða. Gunnar heitinn var mikill vinur og velunnari íslenskra listamanna, sí og æ opinn fyrir nýjungum í heimi listarinnar eins og sjá má þegar gengið eru um sýninguna. Á þeim árum er afstrakt-listin var að koma fram hér á landi með Svavar Guðnason og Þorvald Skúlason í broddi fylkingar, var vist mikið líf í tuskunum og síðar september hópurinn, er hafði hér alræðisvald í myndlistum í hátt á annan áratug, eru uppistaðan í safni Gunnars heitins. Þeir sem gaman hefðu að rifja upp gömul kynni við september mennina, og einnig yngra fólk til að sjá um hvað var barist, ættu ekki að láta þessa sýningu framhjá sér fara. Ég mun ekki fjalla um einstök verk á þessari sýningu eða liststefnur er þá ríktu, því hefur verið gerð góð skil á spjöldum íslenskrar myndlistarsögu.

Fullbúinn starfsvöllur er ónothæfur


Starfsvöllur er nú risinn í Breiðholti III. Sá er þó ljóður á ráði hans að hann er einskis nýtur vegna þess að algjörlega skortir efni fyrir börnin, sem þar eiga að dveljast, til að vinna úr.

„Það er því sem næst allt fyrir hendi. Aðeins eftir að ljúka við girðingu í kringum hann", sagði Sigurður Bjarnason formaður Framfarafélags Breiðholts III, í samtali við Vísi.

Framfarafélagið hefur því ákveðið að efna til söfnunar á spítum svo hægt verði að opna völlinn. Var leitað til Reykjavíkurborgar um aðstoð. „Þeir lofuðu að útvega bíl og tvo menn", sagði Sigurður. Ætlunin hjá okkur er að byrja á mánudaginn. Það er von okkar að fólk taki vel í þetta og aðstoði okkur svo hægt verði að koma starfsvellinum í gagnið".

Sigurður sagði að þetta væri brýnt verk og sæjist það á því að um 20% barna í Reykjavík byggju í Breiðholti III.

—EKG



Starfsvöllurinn við Austurberg og Vesturberg í Breiðholti er til einskis nýtur vegna spítnaskorts.
Ljósmynd Jens